

Mál nr. 404/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

### Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 22. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 9. janúar 2023.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni við starf sitt í þágu X þann 21. september 2021. Atvikið varð með þeim hætti að M opnaði bílhurð í strekkingsvindi, hurðin f auk upp og þegar M reyndi að halda í hurðina, kom hnykkur á hendi M. Bíllinn sem um ræðir var nýlegur og var ekki fokband til staðar til að aftra því að bílhurðin gæti fokið upp. Í eldri bílum, þ.á.m. þeim sem M hafði áður unnið í voru slík fokbönd. M kveðst margsinnis hafa beðið X um að koma fyrir fokbandi í bílnum svo ekki þyrfti að halda við bílhurðina þegar veður gæfi tilefni til þess. Ekkert hafi verið aðhafst af hálfu X þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir M í þá veru. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins í samræmi við ákvæði 79-81. gr. laga nr. 46/1980 og vísar M til ýmissa dóma því til stuðnings að við þær aðstæður beri váttryggingartaki hallann af óvissu vegna ágreinings sem kann að rísa vegna málsatvik og aðstæðna í umrætt skipti. Á grundvelli þessa krafðist M bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V sem hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 15. nóvember 2022. Máli sínu til stuðnings vísar M til nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 og 77/2019 og reglugerða settra með stoð í þeim lögum auk dóma og telur að X hafði brugðist þeirri skyldu sinni að hlutast til um að tryggja öryggi starfsmanna. Felur það í sér vítavert gáleysi af hálfu X og ber hann því ábyrgð á því tjóni M sem hlaut af þessu athafnaleysi.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að M hafi hvorki sýnt fram á sök X né orsakatengsl á milli meints athafnaleysis X og tjóns M. V vísar jafnframt til þess að ástæða þess að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins strax var sú að X fékk engar upplýsingar um slysið á tjónsdegi né næstu daga þar sem M svaraði hvorki símtölum né tölvupóstum frá yfirmönnum sínum í langan tíma. Þetta skeytingarleysi M og skort á upplýsingum frá honum verður að meta honum í óhag og ljóst að V verður ekki látið bera halla af sönnun í málinu. V hafnar því að bifreiðin hafi verið vanbúin, hún hafi staðist allar skoðanir og uppfyllt öll öryggisatriði. Hún var síðast skoðuð fyrir slysið í mars 2021. Það að ekki hafi verið komið fyrir aukabúnaði sem er á engan hátt nauðsynlegur eða gerð krafa um samkvæmt neinum öryggisstöðlum getur ekki talist sem vanbúnaður þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir þessum búnaði. Mótmælir V því að fokbönd séu til þess gerð að koma í veg fyrir líkamstjón bílstjóra eða annarra. Þau eru til þess gerð að koma í veg fyrir það að bílhurðar fjúki upp og valdi tjóni á bílnum sjálfum eða öðrum munum eða aðilum sem hurðin gæti fokið á. Fokbönd eru ekki gerð með öryggi bílstjóra í huga og snúa ekki að því. Ósannað er að fokband hefði komið í veg fyrir slysið þar sem venjan er að fokbönd stöðvi ekki bílhurð fyrir en hún hefur opnast töluvert langt út og því allar líkur á að handleggur M sem hélt í hurðina hefði stöðvað hurðina áður en fokband hefði gert það og afleiðingar þannig orðið þær sömu og raun varð.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að X hafi mátt vera ljóst að M var óvinnufær strax morguninn eftir slysið og hafi því borið að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins í samræmi við 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Samkvæmt gögnum málsins var slysið skráð hjá X í síðasta lagi 29. september 2021 en ekki sent Vinnueftirlitinu fyrr en 17. janúar 2022. Í viðbótarathugasemdum V er þessu hafnað sem röngu. Hið rétta er að slysið var skráð í atvikaskráningu þann 11. janúar 2022 en var fyrst skráð með rangri tjónsdagsetningu þ.e. 29. september 2021 í stað 21. september 2021. Dagsetningar sem M vísar í eru ekki dagsetningar á því hvenær slysið var skráð, heldur eru þetta dagsetningar á því hvenær slysið átti sér stað. M hefur ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að hann hafi veitt X upplýsingar um slysið fyrr en nokkrum mánuðum eftir að það átti sér stað.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings. Með vísan til þessa lagaákvæðis og í ljósi dómafordæma er litið svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur tilkynnt slys samkvæmt ákvæðinu skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Í athugasemdum sínum til nefndarinnar hefur X upplýst að það skorti upplýsingar frá M til þess að geta tilkynnt slysið og að M hafi hvorki svarað símtölum né tölvupóstum frá X í langan tíma eftir slysið. Hefur M ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að hann hafi með sannanlegum hætti tilkynnt yfirmönnum eða öðrum starfsmönnum X um tildrög slyssins og er því ekki tilefni til að víkja frá almennum sönnunarreglum á grundvelli þess að X tilkynnti ekki slysið strax til Vinnueftirlitsins. Ber M því sönnunarbyrði um það að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögmetra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á. M byggir á því að hann hafi ítrekað óskað eftir því að svokölluð fokbönd yrðu sett í bifreiðina og að orsakatengsl séu milli tjónsatviksins og þess að slík bönd voru ekki til staðar. Hefur M ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings. Þrátt fyrir að í svokallaða atvikaskráningu starfsmanna hafi undir liðnum tillaga að úrbótum verið nefnd fokbönd verður það ekki talið fela í sér viðurkenningu á sök eða sönnun þess að bifreiðin hafi verið vanbúin eða að slík bönd hefðu komið í veg fyrir tjónið. Ber M þannig hallann af sönnunarskorti um ofangreind atriði. Er því ekki sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir